

Borgarráð

Tillaga um sumarleyfi borgarstjórnar 2019

Á fundi borgarstjórnar 18. júní 2019 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fella niður reglulega borgarstjórnarfundi í júlí og ágúst nk. skv. heimild í 4. mgr. 8. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013. Í sumarleyfi borgarstjórnar fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella sbr. ákvæði 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Þó að borgarráð fari með sömu heimildir og borgarstjórn í sumarleyfi þess, þá er mikilvægt að taka fram að ekki allir fulltrúar borgarráðs hafa sömu heimildir innan borgarráðs miðað við innan borgarstjórnar. Í borgarstjórn hafa allir fulltrúar atkvæðarétt en slíkt á ekki við innan borgarráðs.

Helga Björk Laxdal
e.u.

